

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 — 1982

28. september 1982.

1021

Nr. 564.

REGLUR

um ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða.

1. gr.

Tollstjóri getur heimilað farmflytjendum að flytja ótollafgreiddar bifreiðar til ryðvarnarstöðva sem fengið hafa sérstakt leyfi viðkomandi tollstjóra til að ryðverja ótollafgreiddar bifreiðar, sbr. 2. gr.

Farmflytjandi sem óskar eftir heimild til að flytja ótollafgreiddar bifreiðar í ryðvarnarstöðvar skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjóra í því umdæmi þar sem geymslur farmflytjanda fyrir ótollafgreiddar bifreiðar eru og skal hún fela í sér ábyrgðaryfirlýsingu skv. 3. gr.

2. gr.

Ryðvarnarstöð sem óskar eftir heimild til að ryðverja ótollafgreiddar bifreiðar skal senda beiðni þar að lútandi til tollstjóra í því umdæmi þar sem starfsemi fer fram og skal hún fela í sér ábyrgðaryfirlýsingu skv. 3. gr.

Ryðvarnarstöð sem leyfi fær samkvæmt þessari grein skal eiga eða hafa aðgang að nægu geymslurými fyrir starfsemi sína. Skulu það vera hús eða afgirt svæði. Beiðni slíkrar ryðvarnarstöðvar skulu fylgja upprættir og lýsing á þeim geymslustað sem ryðvarnarstöðin hyggst nota fyrir starfsemi sína. Viðkomandi tollstjóri og tollgæslustjóri skulu viðurkenna slíka geymslustöð áður en ryðvarnarleyfi er veitt og gilda um hana ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Tollstjóri getur bundið leyfi skv. 1. og 2. gr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja framkvæmd reglna þessara.

3. gr.

Bifreið sem flutt er ótollafgreidd í ryðvarnarstöð skal teljast vera í vörslu farmflytjanda og skal hann á sína ábyrgð annast flutning bifreiðar úr geymslum sínum til ryðvarnarstöðvar og í þær aftur að ryðvörn lokinni. Farmflytjandi og ryðvarnarstöð sem leyfi hafa skv. 1. og 2. gr. bera hvor um sig fulla og óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, þ. m. t. söluskattur, svo og hvers konar tjóni sem hljótast kann af flutningi og ryðvörn bifreiðar.

4. gr.

Bifreiðainnflytjandi sem óskar eftir að ótollafgreidd bifreið verði ryðvarin skal snúa sér til viðkomandi ryðvarnarstöðvar með beiðni þar að lútandi á þar til gerðu eyðublaði. Undirritun bifreiðainnflytjanda á ryðvarnarbeiðni skal fela í sér yfirlýsingu um ábyrgð hans á greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem á bifreiðinni hvíla svo og ef tjón hlýst við flutning eða ryðvörn bifreiðar. Í beiðninni skulu veittar upplýsingar um flutningsfar, farm-skárnúmer, tegund og verksmiðjunúmer bifreiðar, fylgihluti svo og aðrar þær upplýsingar sem eyðublaðið gefur tilefni til.

B 128

5. gr.

Ryðvarnarstöð skal senda ryðvarnarbeiðni bifreiðainnflytjanda, sbr. 4. gr., til farmflytjanda.

Ótollafgreidda notaða bifreið má því aðeins flytja í ryðvarnarstöð að hún hafi áður verið skoðuð af tollstarfsmanni.

Bifreið sem flutt hefur verið í ryðvarnarstöð skal flutt aftur á sama stað í geymslur viðkomandi farmflytjanda innan fimmtán daga.

Óheimilt er að afhenda bifreið beint úr ryðvörn til bifreiðainnflytjanda nema fullnað-artollafgreiðsla hafi farið fram eða trygging sett samkvæmt 21. gr. tollskrárlaga og fulltrúi farmflytjanda staðfesti með áritun á ryðvarnarbeiðni að afhending bifreiðar sé heimil.

Óheimilt er að hafa fleiri en 40 ótollafgreiddar bifreiðar á svæði ryðvarnarstöðvar í einu.

6. gr.

Farmflytjandi og ryðvarnarstöðvar sem reglur þessar taka til skulu 1. dag hvers mánaðar eða næsta virkan dag þar á eftir senda viðkomandi tollstjóra skýrslu á þar til gerðu eyðublaði um ótollafgreiddar bifreiðar sem teknar hafa verið til ryðvarnar í næstliðnum mánuði.

7. gr.

Skemmdir sem kunna að verða á bifreið sem flutt er til ryðvarnarstöðvar eða vöntun sem í ljós kann að koma, m. a. á fylgihlutum, er á ábyrgð farmflytjanda, ryðvarnarstöðvar og innflytjanda, sbr. 3. og 4. gr., og hafa ekki áhrif á tollverð bifreiðar við ákvörðun aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem á eru lögð við tollafgreiðslu bifreiðar, nema skoðun fari fram af hálfu tollgæslunnar áður en bifreið er flutt í ryðvarnarstöð. Um skemmdir eða vöntun gilda að öðru leyti almennar reglur þar að lútandi eins og þær eru á hverjum tíma.

8. gr.

Fari farmflytjandi eða ryðvarnarstöð eigi eftir fyrirmælum þeim sem sett eru samkvæmt ákvæðum reglna þessara eða sett kunna að hafa verið í einstök leyfi getur tollstjóri svipt viðkomandi leyfi í allt að sex mánuði og að fullu ef um ítrekað brot er að ræða.

Brot á reglum þessum varða að öðru leyti viðurlögum samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 23. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. september 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Ingólfur Friðjónsson.